



Surtarbrandsgil, Vesturbyggð

Stjórnunar- og verndararáætlun 2017-2026

Desember 2017

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2017 – 2021.....	5
1. INNGANGUR	7
1.1. Samráð	7
1.2. Eignarhald og umsjón	8
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	8
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	9
2. LÝSING Á SVÆÐINU	10
2.1. Mörk svæðisins.....	10
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði.....	10
2.1.2. Aðkomuleiðir	10
2.2. Náttúruminjar	10
2.2.1. Jarðminjar.....	10
2.3. Menningarminjar	10
2.4. Landnotkun.....	11
2.4.1. Landbúnaður	11
2.4.2. Ferðaþjónusta og útivist.....	11
2.5. Ógnir..	11
2.6. Innviðir og mannvirki	11
2.6.1. Landvarsla.....	11
2.6.2. Aðgengi.....	11
2.6.3. Vegir og vegslóðar.....	12
2.6.4. Stígar og gönguleiðir	12
2.6.5. Skilti	12
2.7. Öryggismál	12
2.8. Kynning og fræðsla.....	12
2.9. Rannsóknir og vöktun.....	12
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	14
3.1. Stjórnsýsla.....	14
3.1.1. Friðlýsingaskilmálar	14
3.2. Náttúruminjar	14
3.2.1. Jarðminjar.....	14
3.3. Menningarminjar	14
3.4. Landnotkun.....	15
3.4.1. Ferðaþjónusta og útivist.....	15
3.5. Ógnir..	15
3.6. Innviðir og mannvirki	15
3.6.1. Landvarsla.....	15
3.6.2. Aðgengi.....	16

3.6.3.	Vegir, vegaslóðar og bílastæði.....	16
3.6.4.	Stígar og gönguleiðir	16
3.6.5.	Skilti	16
3.7.	Öryggismál	17
3.8.	Kynning og fræðsla.....	17
3.9.	Rannsóknir og vöktun.....	17
	SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	19
4.	LISTI YFIR HEIMILDIR OG ÍTAREFNI.....	20
	VIÐAUKI I	21
	VIÐAUKI II	22
	VIÐAUKI III.....	23
	VIÐAUKI IV	25

Leiðarljós fyrir verndun Surtarbrandsgils er að efla vitund almennings um mikilvægi verndunar steingervinga og koma þannig í veg fyrir ólöglegt brottmál steingervinga úr Surtarbrandsgili og af öðrum svæðum á landinu. Gestir Surtarbrandsgils skulu hvattir til ábyrgrar umgegni og ferðamennsku með því að svæðið verði fyrirmyndar áfangastaður þar sem náttúruvernd, virðing fyrir umhverfinu og góð umgengni eru höfð að leiðarljósi. Í því skyni skal vera markviss fræðsla um náttúruvernd, náttúrufar, jarðfræði og mikilvægi staðarins þannig að gestir fari fróðari út af svæðinu heldur en þegar þeir komu þangað.

Aðgerðaáætlun 2017 – 2021

Árlega

- ✓ Upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um tímasetningar gönguferða í Surtarbrandsgil verði uppfærðar.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að göngustíg og stikum á gönguleið í Surtarbrandsgil verði viðhaldið eftir þörfum.
- ✓ Landverðir bjóði upp á leiðsögn um sýningu og skipulagðar gönguferðir í Surtarbrandsgil yfir sumartímenn, a.m.k. fimm sinnum í viku frá miðjum júní fram í miðjan ágúst.
- ✓ Sett verði upp auglýsing um tímasetningar gönguferða í Surtarbrandsgil á helstu viðkomustöðum ferðamanna í Vesturbyggð og Tálknafirði. Landvörður fræði gesti svæðisins um steingervinga og verndun þeirra.
- ✓ Umhverfisstofnun vakti náttúrulegt hrun úr berginu í Surtarbrandsgili með því að taka myndir árlega að vori og visti í gagnagrunni stofnunarinnar.
- ✓ Starfsmaður Umhverfisstofnunar sjái til þess að ný eintök af steingervingum, sem koma fram eftir hrun úr berginu, glatist ekki og að góð eintök verði varðveitt.
- ✓ Landverðir vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. öryggismála og skrái í dagbók landvarða. Landverðir fylgist með álagi og heimsóknum á svæðið með því að taka saman fjölda gesta, taka myndir af álagsblettum á göngustígum og skrái í dagbók landvarða. Gripið verði til aðgerða til að bregðast við álagi á svæðið og innviði þess þegar þarf.
- ✓ Landverðir í samstarfi við ábúendur á Brjánslæk fylgist með því eins og kostur er að fólk fari ekki í gilið án leyfis.
- ✓ Upplýsingum varðandi óhöpp og slys sé safnað saman árlega og skráð í gagnagrunn Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun veki athygli á sýningu um Surtarbrandsgil í skólum í Vesturbyggð og Tálknafirði með upplýsingum á heimasíðu stofnunarinnar og samtali við skólustjórnendur.

2018

- ✓ Umhverfisstofnun endurskoði friðlýsingaskilmála fyrir Surtarbrandsgil.
- ✓ Umhverfisstofnun setji aðkomuskilti að sýningu um Surtarbrandsgil upp á Brjánslæk.
- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Frændgarð ehf. hanni og framkvæmi stækkun á bílastæði við prestbústaðinn á Brjánslæk.
- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar* fyrir náttúruvættið Surtarbrandsgil.
- ✓ Rannsóknir sem til eru um Surtarbrandsgil s.s. á jarðfræði þess, verði gerðar aðgengilegar almenningi á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

- ✓ Settur verði upp vegvísir sem vísar á Surtarbrandsgil við afleggjara að Brjánslæk við Þjóðveg nr. 60.

2021

- ✓ Aðgerðaáætlun Surtarbrandsgils verði uppfærð.

1. Inngangur

Surtarbrandsgil er náttúruvætti í landi Brjánslækjar á Barðaströnd í Vesturbyggð. Náttúruvættið afmarkast af mynni gilsins að austan og að hábrún þess að sunnan, vestan og norðan. Náttúruvættið Surtarbrandsgil er 272 hektarar að stærð.

Surtarbrandsgil var friðlýst skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 103/1975 þann 2. apríl 1975.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Surtarbrandsgil hófst í október 2016. Áætlunin var unnin af samstarfshópi um gerð áætlunarinnar og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við ábúendur á Brjánslæk, sveitarfélag og hagsmunaaðila. Hún er hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið.

Starfshópin skipuðu:

- ✓ Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð
- ✓ Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
- ✓ Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun
- ✓ Jóhann Pétur Ágústsson, Brjánslæk
- ✓ Þórdís Stella Erlingsdóttir, Umhverfisstofnun

Áætlunin gildir til ársins 2026 og með henni fylgir aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndaráætlunar og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Með friðlýsingum er almennt stuðlað að því að lífríki fái að þróast eftir eigin forsendum, að jarðmyndunum sé ekki raskað og náttúrufegurð haldist ósnortin. Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Surtarbrandsgil er að vernda steingerðar leifar gróðurs og skordýra sem er að finna í setlögum, ásamt surtarbrandslögum. Um er að ræða leifar gróðurs sem klæddu landið á Míósen tímabilinu fyrir um 12 milljónum ára. Svæðið hefur mikla sérstöðu og gildi fyrir jarðsögu landsins. Með gerð áætlunarinnar er lögð fram stefna um hvernig viðhalda skuli sérstöðunni og verndargildi svæðisins í sátt við ábúendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Með stjórnunar- og verndaráætluninni er stefnt að því að standa vörð um staðinn og efla jákvæða ímynd svæðisins.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuni hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila (sjá viðauka IV) þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að

áætluninni væri að finna. Sérstakt samráð var haft við Ríkiseignir þar sem jörðin Brjánslækur er í eigu ríkisins.


1.2. Eignarhald og umsjón

Friðlýsta svæðið heyrir undir jörðina Brjánslæk. Brjánslækur er í eigu íslenska ríkisins en ábúendur þar eru Jóhann Pétur Ágústsson og Halldóra Ragnarsdóttir. Ábúendur á Brjánslæk hafa í gegnum árin verið gæslumenn Surtarbrandsgils. Umhverfisstofnun fer með umsjón og rekstur svæðisins skv. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Starfsfólk Umhverfisstofnunar hefur umsjón með náttúruvættinu og mun stýra framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar og fylgja henni eftir. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði hefur umsjón með friðlýsta svæðinu og annast eftirlit í samstarfi við ábúendur á Brjánslæk.

Sýning um Surtarbrandsgil í prestbústaðnum á Brjánslæk er í eigu Umhverfisstofnunar sem fer með rekstur og umsjón hennar. Frændgarður ehf. hefur eftirlit með sýningunni og sér til þess að hún sé aðgengileg gestum yfir sumartímann skv. samningi í viðauka III.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum, nr. 103/1975. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum svæðisins er almenningi heimil för um gilið að fengnu leyfi ábúenda á Brjánslæk og eru gestir upplýstir um þetta á skilti við upphaf nýrrar gönguleiðar í gilið. Þar kemur einnig fram hvernig hægt er að nálgast frekari upplýsingar. Ekki má á nokkurn hátt brjóta, fjarlægja eða breyta náttúruvættinu. Brottnám steingervinga eða surtarbrands frá svæðinu er með öllu bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 60. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og ekki er heimilt að flytja náttúrugrip úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Í Vesturbyggð er í gildi aðalskipulag 2006-2018. Ekki er til deiliskipulag fyrir friðlýsta svæðið, en deiliskipulag fyrir svæðið í kringum sýninguna, Brjánslæk og hafnarsvæðið hefur verið í vinnslu síðan 2015.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Surtarbrandsgil hefur að geyma jarðmyndanir sem hafa hátt verndar-, fræðslu- og vísindagildi. Svæðið er dýrmætt fyrir þær sakir að í gílinu eru surtarbrandur og leirlög þar sem er að finna steingerðar leifar gróðurs sem klæddu landið á Míósen-tímabilinu, ásamt steingerðum skordýrum sem þar lifðu og ummerki eftir þau. Svæðið er mikilvægt fyrir jarðsögu landsins og þær rannsóknir sem hafa verið gerðar gefa greinagóðar upplýsingar um fornt gróðurfar og loftlagsaðstæður sem ríktu hér á landi fyrir um 12 milljón árum, en steingervinga úr Surtarbrandsgili fyrst getið í fræðiritinu Museum Wormianum árið 1655.¹ Surtarbrandsgil er einn þekktasti og áhugaverðasti fundarstaður plöntusteingervinga á Íslandi en sérstaða svæðisins felst einkum í því að í gílinu eru leifar tegundaríkustu skóga, sem fundist hafa í jarðlögum hér á landi. Búið er að greina um 65 tegundir plantna.

Verndun Surtarbrandsgils styður markmið laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fram koma í 3. gr. um vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins, en í lið a kemur fram að stefnt skuli að því að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins. Þá nýtur svæðið einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. sömu laga, en þar kemur m.a. fram að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré njóti sérstakrar verndar.

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakana (IUCN) um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast Surtarbrandsgil í flokk III, náttúruvætti. Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta t.d verið jarðminjar svo sem hellar eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Einnig tekur verndarflokkurinn til náttúrumyndana sem ástæða þykir til að vernda vegna fræðilegs gildis t.d fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinategunda og steinda. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

¹ Sjá kafla 4. Listi yfir heimildir og ítarefni

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Friðlýsingin nær yfir Surtarbrandsgil, mörk þess eru við mynni gilsins að austan og að hábrún þess að sunnan, vestan og norðan. Stærð náttúruvættisins er 272 ha. Kort af svæðinu má sjá í viðauka II.

2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði

Surtarbrandsgil er hluti af jörðinni Brjánslæk. Á Brjánslæk er fjárbúskapur og er svæðið í kring, þ.á.m. Surtarbrandsgil nýtt til beitara.

2.1.2. Aðkomuleiðir

Til að komast að Surtarbrandsgili er ekið eftir Barðastrandarvegi nr. 62 að Brjánslæk. Upp að Surtarbrandsgili er enginn eiginlegur vegur eða slóði en aðgengi að svæðinu er um göngustíg. Um hálf tíma gangur er að svæðinu frá Brjánslæk.

2.2. Náttúruminjar

2.2.1. Jarðminjar

Í Surtarbrandsgili er að finna steingerðar leifar tegundaríkustu skóga sem fundist hafa hér á landi í 12 milljón ára gömlum setlögum. Alls hafa um 65 tegundir plantna verið greindar í setlögum í gilinu, ýmist út frá laufblöðum, fræjum eða frjókornum. Steingervingar eru varðveittar leifar eða afsteypur dýra og plantna sem lifðu á jörðinni fyrir þúsund, milljón eða hundruð milljónum ára. Steingervingur verður til þegar leifar dýra eða plantna grafast hratt undir seti, eins og sandi eða leir, og þungt farg hraunlaga veldur þrýstingi að ofanverðu í þúsundir ára.

Í Surtarbrandsgili hafa plöntuleifar frá fornum skógi sest til í frekar grunnu stöðuvatni og grafist þar í botnsetið. Í vatninu var mikið af kísilþörungum sem féllu til botns og mynduðu ljósleita skán á öllum stærri flötum, einkum laufblöðum. Því eru flögur úr gilinu ljósar af kísilþörungum á annari hlið sinni og útlínur t.d. laufblaða og annarra gróðurleifa mjög skýrar. Setlagið þjappaðist svo niður og harðnaði og steingerðist með tímanum á milli hraunlaga.

2.3. Menningarminjar

Surtarbrands er víða getið í ferðabókum og Íslandslýsingum frá því fyrr á öldum. Hann var talsvert notaður til heimabruks þótt hann væri ekki sérlega gott eldsneyti. Hann logaði illa enda frekar steinefnaríkur. Vinnsla á surtarbrandi víða um land jókst mikið í heimsstyrjöldinni fyrri þegar verulegs skorts á eldsneyti tók að gæta. Menningarminjar innan náttúruvættisins Surtarbrandsgils er fyrst og fremst að finna í heimildum en líklegt er talið að surtarbrandur úr Surtarbrandsgili hafi að einhverju leyti verið notaður til heimabruks.

2.4. Landnotkun

2.4.1. Landbúnaður

Ábúendur á Brjánslæk nýta svæðið til búfjárbeitar.

2.4.2. Ferðaþjónusta og útivist

Aðeins er gert ráð fyrir umferð gangandi ferðamanna yfir sumartímann þegar skipulagðar ferðir eru inn í gilið. Beiðnir um fylgd í gilið utan þess tíma eru metnar í hverju tilfelli fyrir sig og tekið mið af aðstæðum á svæðinu. Þó nokkur fjöldi ferðamanna sækir svæðið heim á ári hverju og er gert ráð fyrir að aukning verði á næstu árum. Fjöldi gesta á svæðinu fór hægt vaxandi fram til ársins 2016, en árið 2013 voru þeir sem fóru með leyfi í Surtarbrandsgil 235, 249 árið 2014, 250 árið 2015 og 284 árið 2016. Árið 2017 fækkaði gestum og voru þeir 151 frá 1. júní til 31. ágúst.

Sett hefur verið upp sýning um Surtarbrandsgil á Brjánslæk (sjá kafla 2.10) sem er aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Þaðan er ferðamönnum boðið upp á fræðslugöngur inn í gilið á vegum landvarða fimm sinnum í viku yfir sumartímann. Aðeins er heimilt að heimsækja svæðið í fylgd með landverði.

2.5. Ógnir

Helsta ógn svæðisins er ólöglegt brottmál steingervinga úr gilinu. Umferð ferðamanna og vísindamanna í Surtarbrandsgil hefur tíðkast um árabíl og umtalsvert magn steingervinga verið numið þaðan á brott án leyfis. Til að fylgjast betur með því hefur eftirlit með svæðinu verið aukið og þeirri reglu komið á að einungis sé heimilt að fara í gilið með leiðsögn landvarða eða umsjónaraðila svæðisins.

2.6. Innviðir og mannvirki

2.6.1. Landvarsla

Landvarsla á svæðinu er í höndum landvarða Umhverfisstofnunar. Einn landvörður hefur sinnt landvörslu yfir sumartímann á sunnanverðum Vestfjörðum, þ.m.t. í Surtarbrandsgili, en sérfræðingur Umhverfisstofnunar hefur umsjón með svæðinu utan þess tíma sem landvörður er starfandi. Hlutverk landvarðar er m.a. að hafa eftirlit með svæðinu og fara í reglulegar fræðslugöngur.

2.6.2. Aðgengi

Aðgengi að svæðinu er um göngustíg, en um hálf tíma gangur er að svæðinu frá Brjánslæk (sjá nánar kafla 2.6.3. og 2.6.4.). Svæðið er ekki aðgengilegt fyrir hjólastóla og aðgengi fyrir hjólastóla að sýningu á Brjánslæk er erfitt þar sem þarf að fara upp og niður tröppur.

2.6.3. Vegir og vegslóðar

Svæðið er í alfaraleið og liggur Barðastrandarvegur (62) að Brjánslæk, Vesturbyggð. Frá Brjánslæk og upp að Surtarbrandsgili er enginn eiginlegur vegur eða slóði.

2.6.4. Stígar og gönguleiðir

Göngustígur er í gilið og liggur hann frá gamla prestbústaðnum á Brjánslæk í Surtarbrandsgil u.þ.b. 2,7 km langur eða ríflega hálf tíma gangur. Stikuð gönguleið, sem liggur eftir kindastígum þegar komið er yfir Lækjará, er í ágætu ástandi. Á vorin í leysingum berst talsvert af malarefni úr hlíðum Surtarbrandsgils yfir hluta göngustígsins og þarf því árlega að lagfæra stíginn í gilinu eða breyta leiðinni lítillega þar sem stígurinn liggur nálægt háum árbakka og skriðhætta myndast í votviðri.

2.6.5. Skilti

Fjögur skilti eru á svæðinu. Fræðsluskilti þar sem sagt er frá jarðminjum í gilinu auk loftmynda og annarrar fræðslu eru staðsett við bílastæði sýningar og í gilinu. Settir hafa verið upp sýningarkassar í gilinu og við bílastæði með sýnishornum af surtarbrandi og steingervingum. Til stendur að setja upp skilti við bílastæðið með upplýsingum um sýningu sem og vegvísi Vegagerðarinnar sem vísar á gilið við afleggjarann að Brjánslæk.

2.7. Öryggismál

Hrunhætta er í Surtarbrandsgili þar sem bergið slútir fram. Á vorin í leysingum er hætta á skriðum úr hlíðum gilsins. Göngustígar geta verið varhugaverðir í votviðri þar sem þeir liggja um ótrausta árbakka.

2.8. Kynning og fræðsla

Fræðslugildi Surtarbrandsgils og nánasta umhverfis þess felst í áhugaverðri og merkilegri jarðfræði sem og fallegu landslagi. Sýning um Surtarbrandsgil var opnuð í prestbústaðnum á Brjánslæk sumarið 2016. Sýningin verður opin almenningi daglega honum að kostnaðarlausu yfir sumartímann í samræmi við samning þar um (sjá viðauka III). Landvörður hefur umsjón með skipulögðum gönguferðum yfir sumartímann í gilið þar sem svæðið er kynnt og fræðsla innt af hendi. Sýningin hentar jafnt fræðslu til ferðamanna sem og skóla á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi. Gert er ráð fyrir að einnig sé tekið á mótí hópum utan hefðbundins opnunartíma ef þess er óskað án endurgjalds. Fræðsluskilti eru á svæðinu (sjá kafla 2.6.5.) Upplýsingar og fræðsla um náttúruvættið er aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is

2.9. Rannsóknir og vöktun

Rannsóknir á plöntuleifum úr íslenskum jarðlögum má rekja aftur til áranna 1750-1760 þegar Eggert Ólafsson ferðaðist um landið og átti meðal annars viðkomu í Surtarbrandsgili. Síðan þá hafa miklar rannsóknir farið fram á jarðfræði svæðisins og þá einkum á steingervingum sem hafa verið tegundagreindir út frá laufblöðum, frjókornum, fræjum og skordýrum.

Surtarbrandsgil er einn þekktasti og áhugaverðasti fundarstaður plöntusteingervinga á Íslandi, en alls hafa um 65 tegundir plantna verið greindar. Dr. Friðgeir Grímsson steingervingafræðingur hefur m.a. gert nýlegar rannsóknir í gílinu.²

Á árum áður var umtalsvert magn af steingervingum numið á brott úr gílinu, bæði af ferðamönnum og jarðvísindamönnum. Í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar er varðveittur fjöldi steingervinga úr Sturtarbrandsgili sem hafa verið rannsakaðir og tegundagreindir. Rannsóknir á jarðmyndunum og steingervingum í Surtarbrandsgili eru mikilvægur þáttur í því að þekkja sögu svæðisins. Í gílinu er náttúrulegt rof sem veldur hruni úr steingervingaríkum jarðlögum. Mikilvægt er að vakta bergið sem hrynur úr í gílinu og varðveita áhugaverð eintök af steingervingum sem þar finnast. Allar jarðfræðirannsóknir eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun er heimilt að veita undanþágu frá banni við brottnámi steingervinga úr gílinu.

Landverðir svæðisins annast vöktun á innviðum og ástandi náttúrufars og eru niðurstöður þeirrar vöktunar teknar saman í ársskýrslu sem sérfræðingur skilar Umhverfisstofnun árlega.

² Sjá kafla 4. Listi yfir heimildir og ítarefni

3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda og viðhalda verndargildi Surtarbrandsgils. Lögð er áhersla á að gestir svæðisins hafi tækifæri til að fræðast um þær merku jarðminjar sem er að finna í gilinu, ýmist með því að skoða sýningu um Surtarbrandsgil eða í gönguferð í gilið í fylgd með landverði eða umsjónaraðila náttúruvættisins. Í þessum kafla er leitast við að skilgreina markmið, gera grein fyrir framtíðarstefnu svæðisins og skilgreina þær aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

3.1. Stjórnsýsla

3.1.1. Friðlýsingaskilmálar

Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættis í Surtarbrandsgili frá 1975. Gera skal grein fyrir verndargildi svæðisins og þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Í endurskoðaðri auglýsingu skal koma fram að Umhverfisstofnun fari með leyfisveitingavald á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættisins.

3.2. Náttúruminjar

3.2.1. Jarðminjar

Vernda skal náttúruvættið Surtarbrandsgil og umhverfi þess. Gæta skal þess að framkvæmdir og ágangur rýri ekki gildi svæðisins og ásýnd. Sérstök áhersla skal lögð á að koma í veg fyrir ólöglegt brottmál steingervinga úr Surtarbrandsgili. Varðveita skal jarðminjar á svæðinu og veita fólki tækifæri til að skoða og fræðast um þær minjar sem finnast í Surtarbrandsgili. Viðhalda skal þeim innviðum sem settir hafa verið upp með það að markmiði að varðveita jarðminjar á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun vakti náttúrulegt hrun úr berginu í Surtarbrandsgili með því að taka myndir árlega að vori og vista þær í gagnagrunni stofnunarinnar.
- ✓ Starfsmaður Umhverfisstofnunar sjái til þess að þau eintök af steingervingum, sem koma fram eftir hrun úr berginu, glatist ekki og að góð eintök verði varðveitt.

3.3. Menningarminjar

Stefnt skal að því að heimildir um svæðið verði varðveittar ásamt lýsingum á surtarbrandi í ferðabókum og Íslandslýsingum og þeim komið til skila í fræðslu á vegum Umhverfisstofnunar.

3.4. Landnotkun

Landnotkun á svæðinu skal vera í samræmi við markmið um verndun Surtarbrandsgils, auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættis, aðalskipulag Vesturbyggðar og stjórnunar- og verndaráætlun. Núverandi landnotkun er ekki talin ógna ekki verndargildi svæðisins.

3.4.1. Ferðapjónusta og útivist

Stefnt skal að því að svæðið haldi sérstöðu sinni sem áhugaverður og fræðandi áfangastaður fyrir einstaklinga og hópa. Miðað er við að aðgengi í Surtarbrandsgil sé takmarkað og einungis í boði í fylgd landvarðar eða umsjónaraðila svæðisins. Beiðnir um fylgd í gilið utan skipulagðra ferða eru metnar í hverju tilviki og tekur matið mið af aðstæðum á svæðinu. Sýning um Surtarbrandsgil að Brjánslæk skal vera opin öllum sem hana vilja sækja og í samræmi við ákvæði samnings milli Umhverfisstofnunar og Frændgarðs ehf. Stefnt skal að því að fjölga gönguferðum í gilið og lengja tímabil skipulagðra gönguferða, fáist fjármagn til aukinnar landvörslu á svæðinu.

3.5. Ógnir

Stefnt skal að því að koma í veg fyrir allt ólöglegt brottnám steingervinga úr Surtarbrandsgili. Allir gestir svæðisins fari einungis í gilið í fylgd með landverði eða umsjónaraðila svæðisins eða með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar.

3.6. Innviðir og mannvirki

Innviðum og mannvirkjum á svæðinu skal vera vel við haldið og skulu þau hæfa þeirri starfsemi sem þar fer fram. Framtíðaruppbygging skal vera í þágu verndunar náttúruvættisins, bætts aðgengis og þjónustu við ferðamenn. Í tengslum við uppbyggingu innviða skal hafa í huga að skammt frá bæjarstæðinu á Brjánslæk eru friðlýstar minjar og hafa skal samráð við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda í nágrenni við þær.

3.6.1. Landvarsla

Stefnt er að aukinni landvörslu á svæðinu og því að landvarsla uppfylli þarfir um fræðslu og vörslu svæðisins. Samhliða aukinni landvörslu er stefnt að því að fjölga skipulögðum gönguferðum í gilið yfir sumartímenn. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar eða umsjónaraðili svæðisins skal, ef þess er óskað, taka á móti gestum á sýningu um Surtarbrandsgil yfir vetrartímenn ef því verður viðkomið.

Aðgerðir:

- ✓ Landverðir bjóði upp á skipulagðar gönguferðir og leiðsögn um sýningu um Surtarbrandsgil yfir sumartímenn, a.m.k. fimm sinnum í viku frá miðjum júní fram í miðjan ágúst.
- ✓ Landverðir í samstarfi við ábúendur á Brjánslæk fylgist með því eins og kostur er að fólk fari ekki í gilið án leyfis.

3.6.2. Aðgengi

Í Surtarbrandsgil skal einungis vera heimilt að fara fótgangandi og í fylgd landvarðar eða umsjónaraðila svæðisins. Upplýsingar um tímasetningar gönguferða í Surtarbrandsgil skulu vera aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar og við sýningu á Brjánslæk. Ekki er stefnt að því að byggja upp gönguleiðir sem eru færar fyrir hjólastóla.

Aðgerðir:

- ✓ Upplýsingar um tímasetningar gönguferða í Surtarbrandsgil verði uppfærðar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- ✓ Sett verði upp auglýsing um tímasetningar gönguferða í Surtarbrandsgil á helstu viðkomustöðum ferðamanna í Vesturbyggð og Tálknafirði.

3.6.3. Vegir, vegaslóðar og bílastæði

Stefnt skal að því að afmarka og stækka bílastæði við sýninguna svo að hægt sé að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem vilja heimsækja svæðið.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Frændgarð ehf. hanni og framkvæmi stækkun á bílastæði við prestbústaðinn á Brjánslæk.

3.6.4. Stígar og gönguleiðir

Göngustígum skal vera vel við haldið og þannig stuðlað að því að gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra.

Aðgerðir:

- ✓ Stikum og göngustíg í Surtarbrandsgili verði við haldið eftir þörfum.
- ✓ Landverðir fylgist með álagi á svæðinu af völdum ferðamanna, myndi göngustíga og gróður umhverfis þá og skrái í dagbók landvarða. Gripið verði til aðgerða til að bregðast við álagi á svæðið og innviði þess þegar þarf.

3.6.5. Skilti

Upplýsinga- og fræðsluskiltum skal vera vel við haldið og þau aðgengileg almenningi.

Aðgerðir:

- ✓ Sett verði upp aðkomuskilti að sýningu um Surtarbrandsgil á Brjánslæk.
- ✓ Settur verði upp vegvísir sem vísar á Surtarbrandsgil við afleggjarann að Brjánslæk við þjóðveg nr. 60.

3.7. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best við náttúruvættið. Upplýsingum varðandi óhöpp og slys sem kunna að verða skal safna saman og þær greindar m.t.t. forvarna. *Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar* verður höfð til hliðsjónar við öryggismál við Surtarbrandsgil. Stuðlað verði að slysaförvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar* fyrir náttúruvættið Surtarbrandsgil.
- ✓ Landvörður vakti stíga og gilið m.t.t. öryggismála og skrái í dagbók landvarða.
- ✓ Upplýsingum varðandi óhöpp og slys sé safnað saman árlega og skráð í gagnagrunn Umhverfisstofnunar.

3.8. Kynning og fræðsla

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru-, sögu- og menningarminjar náttúruvættisins og þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingar skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta náttúruminjar staðarins og fræðist um náttúru- og menningarminjar Surtarbrandsgils. Með þessu sé stuðlað að góðri umgengni um náttúruvættið. Umhverfisstofnun skal stuðla að því að hvetja leik-, grunn- og framhaldsskóla á svæðinu til að nýta sér sýningu um Surtarbrandsgil og gilið sjálft til kennslu. Umhverfisstofnun skal einnig stuðla að aukinni fræðslu um mikilvægi verndunar steingervinga.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun vekur athygli á sýningu um Surtarbrandsgil í skólum í Vesturbyggð og Tálknafirði með upplýsingum á heimasíðu stofnunarinnar og með samtali við skólastjórnendur.
- ✓ Landvörður fræði gesti svæðisins um steingervinga og verndun þeirra.

3.9. Rannsóknir og vöktun

Stefnt skal að því að rannsóknaniðurstöður verði aðgengilegar almenningi og þeim miðlað. Þegar veitt er leyfi til rannsókna á svæðinu skal eitt af skilyrðum fyrir leyfisveitingum vera að Umhverfisstofnun hafi aðgang að niðurstöðum rannsókna.

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði, í samráði við Umhverfisstofnun, sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis.

Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun mun á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og verður fram haldið árið 2018. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Surtarbrandsgil en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Aðgerðir:

- ✓ Rannsóknir sem til eru um Surtarbrandsgil verði safnað saman og gerðar aðgengilegar fyrir almenning á vefsíðu Umhverfisstofnunar.
- ✓ Landvörður fylgist með álagi og heimsóknum á svæðið með því að skrá fjölda gesta, taka myndir af álagsblettum á göngustígum og skrá það í dagbók landvarða.

Sérstakar reglur um umferð og dvöl

- Gestum er aðeins heimilt að heimsækja svæðið í fylgd með landverði eða umsjónarmanni svæðisins, eða með þeirra leyfi.

4. Listi yfir heimildir og ítarefni

Friðgeir Grímsson og Leifur A. Símonarson (2008). Íslands fornu skógar. *Skógræktarritið*: 14-30.

Friðgeir Grímsson, Thomas Denk og Reinhard Zetter. Pollen, fruits, and leaves of Tetracentron (Trochodendraceae) from the Cainozoic of Iceland and western North America and their palaeobiogeographic implications. *Grana*, 47:1, 1-14.

Thomas Denk, Friðgeir Grímsson, Reinhard Zetter og Leifur A. Símonarson. (2011). *Late Cainozoic Floras of Iceland, 15 Million Years of Vegetation and Climate History in the Northern North Atlantic*: 5. kafli. Springer: Germany.

Worm, O. (1655). *Museum Wormianum*. Seu historia rerum rariorum, tam naturalium, quam artificialium, tam domesticarum, quam exoticarum, quæ Hafniæ Danorum in ædibus authoris servantur. Variis & accuratis iconibus illustrata. - pp. [1-12], 1-389, index [1-3]. Lugduni Batavorum. (Elsevirivm).

Viðauki I

Stj.tíð B, nr. 103/1975.

Auglýsing um náttúruvætti Í Surtarbrandsgili.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Náttúruvernd ríkisins] ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Surtarbrandsgil náttúruvætti.

Þessi mörk gilda um svæðið:

Að sunnan, vestan og norðan hábrún gilsins, en að austan skemmstu leið fyrir mynni þess.

Þessar reglur gilda um náttúruvættið:

1. Almennungi er, að fengnu leyfi ábúanda á Brjánslæk, heimil för um gilið.
2. Bannað er að brjóta eða fjarlægja á anna hátt steingervinga, þar með surtarbrand, nema til komi sérstakt leyfi [Umhverfisstofnun] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt framangreindri ákvörðun, er tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.


Birgir Thorlacius

Viðauki II



<p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Surtarbrandsgil Náttúruvætti</p>	Mörk frólysts svæðis		<p>Flatarmál: 272 ha (2,7 km²)</p>
		Gönguleið		<p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p>
		Syning um náttúruvættið Surtarbrandsgil	<p>Hnattstaða: ISN63</p>	
			<p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMI</p>	
			<p>Dag: 26. 01. 2017</p>	
			<p>© Landmælingar Íslands</p>	

Viðauki III



Samningur um hýsingu og eftirlit með sýningu Umhverfisstofnunar um náttúruvættið Surtarbrandsgil á Brjánslæk

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Frændgarður ehf. kt. 700407-1600 gera með sér samning um hýsingu og eftirlit með sýningu Umhverfisstofnunar um náttúruvættið Surtarbrandsgil í Prestbústaðnum á Brjánslæk við náttúruvættið Surtarbrandsgil á Barðaströnd, Vesturbyggð.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að tryggja viðunandi aðstöðu og eftirlit með sýningu Umhverfisstofnunar um Surtarbrandsgil. Frændgarður ehf. hefur eftirlit með sýningunni á Brjánslæk og starfar einnig í sameiningu með Umhverfisstofnun að upplýsa gesti um verndun náttúruvættisins Surtarbrandsgils.

3. gr.

Eftirlit og landvarsla.

Frændgarður ehf. sér um að sýningin sé aðgengileg gestum frá 15. júní – 15. ágúst ár hvert. Opnunartími sýningarinnar er ákveðinn með lágmarki mánaðar fyrirvara fyrir hvert tímabil og skal vera a.m.k. opin í 4 tíma á dag.

Umhverfisstofnun er með landvörslu í Surtarbrandsgili í samræmi við ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990. Landvörður verður árið 2014 með skipulagðar gönguferðir í Surtarbrandsgil frá miðjum júní til miðjan ágúst 5 sinnum í viku. Stefnat verður að sams konar fyrirkomulagi næstu árin auk þess sem landvörður verður með leiðsögn um sýninguna á Brjánslæk samhliða skipulögðum gönguferðum.

4. gr.

Skipting kostnaðar.

Umhverfisstofnun kostar hönnun og uppsetningu sýningar um Surtarbrandsgil og er sýningin í eigu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun sér einnig um kostnað vegna viðhalds og endurnýjunar fræðsluefnis fyrir sýninguna. Frændgarður ehf. útvegar húsnæði fyrir sýninguna og kostar daglegan rekstur prestbústaðarins þar sem sýningin verður sett upp. Umhverfisstofnun greiðir ekki leigu fyrir húsnæðið vegna sýningarinnar. Umhverfisstofnun er kunnugt um að jafnframt verður sett upp sýning tengd landnámi Hrafna-Flóka í sama húsnæði. Er sú sýning alfarið sett upp og viðhaldið á ábyrgð Frændgarðs ehf.

5. gr.

Gildistími og gildistaka.

Gildistími samnings þessa er 5 ár frá undirritun samningsins. Samningur þessi er í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki. Umhverfisstofnun mun árið 2014 hanna sýninguna og mun stefna að því að ljúka uppsetningu sýningarinnar fyrir 1. júní 2015.

6. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.

7. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Vestfjarða.

Gjört í Reykjavík 3. apríl 2014,



F.h. Umhverfisstofnunar


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri

F.h. Frændgarðs ehf.


Jóhann Pétur Ágústsson
ábúandi Brjánslæk

Vottar:


 Ólafur R. Jónsson 08744519
 Niklas Ágústsson 06774-4018


Viðauki IV

Listi yfir samráðsaðila


- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Ferðamálasamtök Vestfjarða
- Ferðamálastofa
- Hótel Flókalundur
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Ríkiseignir
- Samtök ferðaþjónustunnar
- SAMÚT
- Tálknafjarðarhreppur
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga

F.h. Umhverfisstofnunar, 21. desember 2017


Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri


Hildur Vésteinsdóttir, teymisstjóri

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra


Guðmundur Ingi Guðbrandsson